

7. fundur
þróunarsamvinnunefndar á árinu 2018
haldinn í utanríkisráðuneytinu fimmtudaginn 29. nóvember kl. 9:45

Fundargerð

Mætt:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Silja Dögg Gunnarsdóttir – Framsóknarflokkur
Logi Einarsson – Samfylking
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins
Anna Elísabet Ólafsdóttir – Háskólinn á Bifröst
Geir Gunnlaugsson – Háskóli Íslands
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Guðlaugur Þór Þórðarson (utanríkisráðherra), Diljá Mist Einarisdóttir (aðstoðarmaður ráðherra), Erla Hlín Hjálmarsdóttir (sérfræðingur), Ólafur Sigurðsson (deildarstjóri), María Mjöll Jónsdóttir (deildarstjóri) og Gunnar Salvarsson (sérfræðingur).

Atli Viðar Thorstensen, Erna Reynisdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir og Helgi Hrafn Gunnarsson tilkynntu forföll. Ólafur Ísleifsson (Flokkur fólksins), Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn), Birgir Þórarinsson (Miðflokkur) og Áslaug Arna Sveinbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokkur) voru fjarverandi.

Logi Einarsson vék af fundi 11:15 og Ragnar Schram vék af fundi 11:20.

Nefndarritari:

Kristjana Sigurbjörnsdóttir

16. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Formaður bauð þróunarsamvinnunefnd á sjöunda fund nefndarinnar og jafnframt þann síðasta á árinu. Fundargerðir síðustu tveggja funda (frá 17. september og 22. október) voru samþykktar.

2. Kynningar- og fræðslumál á sviði þróunarsamvinnu

Upplýsinga- og greiningardeild utanríkisráðuneytisins (UTN) hélt erindi um áherslur utanríkisráðuneytisins um kynningar- og fræðslumál á sviði þróunarsamvinnu. Í máli Maríu Mjallar Jónsdóttur, deildarstjóra, kom fram að helsta ástæða fyrir því að viðhalda upplýsingagjöf á sviði þróunarsamvinnu er vilji ráðuneytisins til að vera gagnsæ og veita almenningi upplýsingar um ábyrga nýtingu skattfjár og hvernig opinberu þróunarfé er varið. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Sp) mynda ramma utan um vinnu þróunarsamvinnuskrifstofu UTN og eru góður rammi við að koma út meginskilaboðunum til almennings um þátttöku Íslands í þróunarsamvinnu.

Samkvæmt könnun frá 2017 kemur 80% af vitneskju fólks um þróunarsamvinnu frá fjölmiðlum og af netinu. Það er því mikilvægt að hafa þar réttar upplýsingar um þróunarsamstarf Íslands. Ráðuneytið vill ennfremur leggja áherslu á sögur af fólki sem býr í þeim löndum sem Ísland styður til að gefa Íslendingum innsýn inn í líf fólks í þeim aðstæðum. Þar vegur hæst heimildamynd um Heimsmarkmiðin og upplifun og líf 15 ára íslenskrar stúlku og jafnöldru hennar í Úganda sem sýnd verður í desember á RÚV.

Ráðuneytið hefur uppfært vefsíðu sína og þar má nú finna gagnvirkar upplýsingar um fjárframlög til þróunarsamvinnu. Úttektir á þróunarsamvinnu sl. ár hafa sýnt fram á að fjármunum hefur verið vel varið og því nauðsynlegt að segja þær góðu sögur, en líka það sem miður fer. Helsti markhópur er almenningur en líka er verið að reyna að ná til mismunandi hópa t.d. að stuðla að vitundarvakningu hjá nemendum í grunnskólum/yngrri kynslóð. Miðlun fer helst fram í gegnum vefsíðu ráðuneytisins og samfélagsmiðla sem verið er að uppfæra (bæði Facebook síður ÞSSÍ/ICEIDA og UTN) auk þess er notast við fréttatilkynningar, sjónvarp og dagblöð. Heimsljós, vef tímarit um þróunarsamvinnu, er komið inn á Vísir.is sem tilraunaverkefni og meðfram því er verið að mæla árangur og dreifingu. Gunnar Salvarsson, sérfræðingur, tók fram að samningur við Vísi væri mikill sigur fyrir UTN því þannig fá fréttir um þróunarsamvinnu og frá fátækari ríkjum frekari útbreiðslu til almennings. Áætlanagerð í upplýsinga- og kynningarmálum fyrir þróunarsamvinnu er í vinnslu.

Í lok kynningar bar María Mjöll upp þá spurningu til nefndar hvert hlutverk þróunarsamvinnunefndar í kynningar- og fræðslumálum ætti að vera. Nefndarfulltrúar fögnuðu því að sjá Heimsljós á útbreiddari vettvangi en bentu á að það vanti leitarmöguleika inni í Heimsljósi/Fréttablaðinu til að leita að efni eftir t.d. löndum og málaflokki. Bent var á háskólasamfélagið sem mikilvægan markhóp sem vert væri að skoða sérstaklega.

3. Utanríkisráðherra fundar öðru sinni á árinu með þróunarsamvinnunefnd

Utanríkisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, kom á sinn annan fund á árinu með þróunarsamvinnunefnd til að ræða kynningarmál, framlög til þróunarsamvinnu og samstarf við atvinnulífið. Ráðherra hóf mál sitt á því að þakka fyrir að hafa verið boðaður á fund nefndar í annað sinn á árinu. Hann benti á að tillaga til þingsályktunar um nýja þróunarsamvinnustefnu 2019-2023 yrði lögð fram í næstu viku og kynnt fyrir utanríkismálanefnd.

Um kynningarmálin lagði ráðherra á það áherslu að utanríkisráðuneytið vilji veita virka upplýsingagjöf byggða á gagnsæi um þau grunngildi sem við byggjum alþjóðlegu þróunarsamvinnu á og hefur ráðuneytið leitast við að veita upplýsingar og auka þekkingu almennings á málefnum þróunarsamvinnu og þeim áskorunum sem fátækari ríki standa frammi fyrir og hvernig Ísland geti þar orðið að liði. Þar er samningur við Vísir.is um að birta fréttir af þróunarsamvinnu mikilvægur áfangi og lýsti hann yfir sérstakri ánægju með það fyrirkomulag. Það eru jafnframt tilmæli úr jafningarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) að ráðuneytið nýti fjölmiðla og þróunarsamvinnunefnd til að efla vitund almennings um árangur þróunarsamvinnu. Augljós snertiflötur við nefnd sem ráðherra vill skoða frekar á næstu fundum nefndar.

Um samstarf við atvinnulífið minnstist ráðherra á kynningarfund um nýjan samstarfssjóð við atvinnulífið sem haldinn var nýverið og var vel sóttur. Í þessu nýja ferli hefur utanríkisráðuneytið verið að læra af nágrannaríkjunum hvað vel hefur gengið og miður farið. Ráðherra var spurður út í lista af löndum sem styrkhæf eru í samstarfssjóðinum við atvinnulífið. Ráðherra sagði ráðuneytið þurfa að skoða landaval nánar eftir því sem reynsla kemur á sjóðinn.

Ekkert er fastmótað í þessu efni en til að byrja hafi Ísland litið til nágrannaþjóða sinna og Danir og Norðmenn hafa verið tilbúnir að miðla af sinni reynslu af slíku samstarfi í mismunandi löndum. Með hliðsjón af reynslu þeirra miðast listinn við þau lönd þar sem Ísland er með sendiráð, lönd sem eru í umdæmi sendiráða eða þar sem Ísland er með heimasendiherra gagnvart hlutaðeigandi landi. Að auki eru þarna lönd á lista sem tengjast því sem Ísland hefur fram að færa t.d. í fiskimálum og jarðhita. Jafnframt hefur reynsla Dana og Norðmanna sýnt að mikilvægt er að hafa tiltækan stuðning og tengslanet í kringum þessi ríki og sem tengjast Íslandi. Ráðherra bauð nefnd að hitta sérfræðinga Dana á þessu sviði sem koma munu til Íslands á nýju ári og miðla af sinni reynslu. Í umræðum gagnrýndu nokkrir nefndarfulltrúar landaval og bentu á að varhugavert væri að miða einungis val út frá forsendum Dana og Norðmanna því að ef um þær forsendur er að ræða þá styður það ekki við stefnu Íslands við fátækustu ríki heims og kallar á að landalisti sé endurskoðaður eða settur til hliðar við fyrsta umsóknaferli.

Í máli ráðherra hvað varðar framlög til þróunarsamvinnu lagði hann áherslu á að íslensk stjórnvöld styðji enn markmið Sameinuðu þjóðanna um að hátekjuríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) til þróunarsamvinnu. Í fjármálaáætlun 2019-2023 er gert ráð fyrir að hlutfall þróunarsamvinnu muni aukast, frá 0,28% af VPT á næsta ári upp í 0,35% árin 2022 og 2023. Framlög aðildarríkja DAC námu 0,31% af VPT að meðaltali árið 2017. Eins og vitað er fellur hluti af framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu einnig undir önnur málefnasvið svo sem útgjöld vegna umsækjenda um vernd og móttöku kvótaflóttafólks innanlands. Hafa þau útgjöld aukist undanfarin ár. Nefndarfulltrúar gerðu athugasemdir við kynningar á framlögum á heimasíðu ráðuneytisins þar sem bent var á að ekki væri verið að sýna kostnað við framlög til hælisleitenda í réttu ljósi, þ.e. þann hluta sem er 32% af heildarframlögum til þróunarsamvinnu. Nefndarfulltrúar telja að gott væri að eyða misskilningi varðandi þetta. Ráðherra lagði á það áherslu að ekki væri verið að fela neitt hjá ráðuneytinu og benti á að allur kostnaður væri talinn fram og sýndur í samræmi við DAC-reglur. Núverandi vinna innan UTN byggir á útfærslum á nýjum reglum DAC í samvinnu við DAC um hvernig telja eigi þennan kostnað fram. Kom fram í máli nefndarfulltrúa að skiptar skoðanir eru á milli landa um hvað eigi að telja þarna fram, þrátt fyrir reiknireglur DAC en þær eiga að vera viðmið um hámark sem er talið fram undir opinberri þróunaraðstoð.

Í lokin þakkaði ráðherra nefnd fyrir mikilvægt samráð og fyrir að fá að heyra sjónarmið nefndar. Umræða um útfærslur vegna kostnaðar við komu hælisleitenda heldur áfram. Flóttamannavandinn er stór og nauðsynlegt að bregðast við honum erlendis og hér heima. Hvað varðar samtarfssjóð við atvinnulífið þá tók ráðherra fram að kynningarfundurinn á Grand Hótel hafi verið haldinn til að kalla á þessi sjónarmið sem komu fram á fundinum í dag. Ráðuneytið er einfaldlega að reyna að byrja einhvers staðar og fyrirbyggja erfiða reynslu því ef það kemur upp hneyksli, þá getur tekið langan tíma að vinda ofan af þeim skaða sem það getur valdið málaflokknum hérlendis. Verðum að hafa viðmið og ramma og þess vegna var ákveðið landaval gefið í fyrsta úthlutunarferli sem má mögulega endurskoða síðar.

Ráðherra fór af fundi 11:16

Nefndarfulltrúi hvatti ráðuneytið til að salta landalista í fyrstu úthlutun þar sem má finna mörg millitekjuríki á listanum sem ekki samræmist stefnu Íslands í þróunarsamvinnu með áherslu og stuðning við fátækustu ríkin. Sérfræðingur PSS benti á að nauðsynlegt hefði verið að búa til reglugerðarramma fyrir fyrstu úthlutun og núverandi landaval væri byggt á reynslu frá hinum Norðurlöndunum. Hún staðfesti að fyrsta úthlutun muni byggja á landalista sem nú liggur fyrir en það yrði endurskoðað fyrir næstu úthlutun m.t.t. eftirspurnar, og gæti því mögulega náð til fleiri landa í náinni framtíð. Í tilvikum þar sem verið er að skoða samstarf við lönd sem ekki

eru á listanum, þá tekur ráðuneytið vel í að fá sendar inn samstarfsviljayfirlýsingar sem hægt er að taka til greina við endurskoðun á úthlutunarráttum.

4. Önnur mál

a. Upplýsingafundur föstudaginn 7. desember.

Nefnd var minnt á aukafund þar sem kynnt verður greining á samstarfsmöguleikum atvinnulífs og stjórnvalda á sviði þróunarsamvinnu sem nú er í gangi. Bráðabirgðaniðurstöður verkefnis verða kynntar af Kristjáni Guy Burgess og Steingrími Sigurgeirssyni, ráðgjöfum verkefnis.

b. Fundir nefndar á árinu 2019.

Ákveðið var að halda þrjú fundi að vori og tvo að hausti, hið minnsta.

Ákveðið var að ritari nefndar myndi senda fundarboð með góðum fyrirvara og festa ætti niður fundi sem fyrst fyrir fyrri hluta árs 2019.

Málefni sem nefnd vill ræða á nýju ári er m.a. málefni í kringum nýja stefnu og gera álit um jafningjarýni DAC. Sérfræðingur ÞSS benti á að vinna við stefnumið fyrir fjölþjóðlega þróunarsamvinnu og annað um mannúðar- og neyðaraðstoð fer af stað í byrjun nýs árs og vert að nefnd fái kynningu á því. Auk þess verður ný áhersla Íslands í þróunarsamvinnu, mannréttindanálgu, kynnt nefnd á vormisseri.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 11:32